

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði á þvergötum gagnvart Dalbraut að því undanskildu að umferð um Dalbraut víki fyrir umferð um Kleppsveg, Sundlaugaveg og Brúnaveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. janúar 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. desember 1987.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið að biðskylda verði á eftirtöldum hægri beygjum af götum með aðalbrautarrétti:

1. Af Stekkjarbakka vestur Álfabakka gagnvart Álfabakka.
2. Af Bæjarhálsi suður Hraunbæ gagnvart Hraunbæ.
3. Af Höfðabakka vestur Streng gagnvart Streng.
4. Af Vesturlandsvegi norður Höfðabakka gagnvart Höfðabakka.
5. Af Reykjanesbraut vestur Bústaðaveg gagnvart Bústaðavegi.
6. Af Reykjanesbraut austur Stekkjarbakka gagnvart Stekkjarbakka.
7. Af Reykjanesbraut austur Breiðholtsbraut gagnvart Breiðholtsbraut.
8. Af Kringlumýrarbraut austur Listabraut gagnvart Listabraut.
9. Af Miklubraut suður Kringluna gagnvart Kringlunni.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. janúar 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. desember 1987.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að bann við vinstri beygju frá Húsi verslunarinnar norður Kringluna verði takmarkaður við tímabilið frá kl. 16.00 — 20.00.

Ákvörðun þessi tekur gildi 20. janúar 1988.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 28. desember 1987.

Böðvar Bragason.